



Endurskoðun á styrkjum til menningarmála

Aðgerð 4.6 úr aðgerðaráætlun menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021 - 2030



Styrkir til menningarmála endurskoðaðir út frá athugasemdum úr samráði við gerð menningarstefnu

1. Upphæðir – engir bjarnargreiðar

2. Verkefni með skömmum fyrirvara

3. Verkefni í þróun

4. Verkefni í upphafi árs



Styrkir til menningarmála endurskoðaðir út frá athugasemdum úr samráði við gerð menningarstefnu

5. Jaðarhópar, ungmenni og nýir listamenn

6. Skapandi framleiðendur

7. Önnur umræða



Hópur skipaður formanni BÍL, skrifstofustjóra menningarmála og verkefnastjóra styrkja hefur hist reglulega síðustu mánuði til að ræða þær athugasemdir sem komu fram í samráðinu. Sviðsstjóri MÍR hefur einnig tekið þátt í samtalinu. Ákveðið var að taka samtalið á þessum grunni því í raun væri samráðið þegar búið að eiga sér stað. Hér á eftir koma fyrst niðurstöður úr samráði og síðan samantekt á umræðunni í þessum hópi fyrir hvert mál fyrir sig.



1. Upphæðir – engir bjarnargreiðar

Í samráðinu kom eftirfarandi fram:

- Veitt er of lágt hlutfall af umsóttri upphæð sem leiðir til minni eða lélegri útgáfu af verkefninu eða að listafólk greiðir sér engin laun fyrir vinnuna.
- Sumir sjóðir eru með viðmið – t.d. að styrkja skuli verkefni um umsóttu upphæð eða að lágmarki 70% af þeirri upphæð sem sótt er um.
- Hjá Reykjavíkurborg hefur verið veittur styrkur fyrir allt að 10% af umsóttri upphæð



1. Upphæðir – engir bjarnargreiðar

Umræðan í hópnum:

- Það hefur þróast þannig að dýrari verkefni hafa sótt sitt fjármagn með öðrum hætti en sótt um hlutfallslega litlar upphæðir í þennan sjóð vegna smæðar hans. Að þessu leyti aðlaga verkefnið sig getu sjóðsins. Spurning hvað gerist þegar fjárhagslegt svigrúm verður meira.
- Þróunin undanfarin þrjú ár í þessum sjóði hefur að vísu verið sú að veita færri og hærri styrki og það er almennt viljinn innan senunnar.
- Nú hækkaði potturinn og auðveldara var að veita fleiri góðum umsóknum umbeðna upphæð.
- Áhugavert væri að taka árangurshlutfall sjóðsins sl. þrjú ár saman bera það síðan saman við árangurshlutfall næstu þriggja ára til að skoða hvernig sjóðurinn er að þróast.
- Skoða þarf vel að setja viðmið um að styrkja skuli verkefni um umsóttu upphæð eða að lágmarki 70% af þeirri upphæð sem sótt er um.
- Önnur hugmynd er að festa ósk um úthlutaðar upphæðir í umsókninni (t.d. 500.000 - 800.000 - 1.000.000 - 1.500.000), svo umsækjendur neyðist til að skilgreina verkefni sín eftir umfangi þeirra, í stað þess að sækja bara um eins mikið og mögulegt er. Það er mjög óljóst fyrir bæði faghópinn og umsækjendur hvort betra sé að sækja um raunsæja upphæð og vonast til að fá einhvern hluta af henni, eða hvort sækja eigi um þá upphæð sem líkleg sé til að fá styrk.



2. Verkefni með skömmum fyrirvara

Í samráðinu kom eftirfarandi fram:

- Áður var í boði að sækja um skyndistyrki.
- Hægt væri að skilgreina þetta sem margar litlar upphæðir eða hægt að setja fram sem fasta upphæð.
- Væri líka hægt að setja upp þrep, t.d. ákveðið margir styrkir upp á 250.000 kr., nokkrir upp á 500.000 kr. og kannski einn eða tveir 1.000.000 kr. styrkir.



2. Verkefni með skömmum fyrirvara

Umræðan í hópnum:

- Væri æskilegt að taka aftur upp skyndistyrki innan borgarinnar?
- Við úthlutun skyndistyrkja getur vantað armslengdina – a.m.k eins og þeir voru höndlaðir á árum áður og það getur kostað mikla vinnu fyrir starfsfólk ef t.d. öll þau 86 sem ekki fá styrk í ár leiti aftur til borgarinnar á árinu með beiðni um styrk.
- Eftir að skyndistyrkir voru afnumdir bera berast varla beiðnir um menningarstyrki á milli umsóknarfresta sem er að vissu leyti gott
- Kannski má segja að borgarráð taki á móti beiðnum um styrki sem falla utan umsóknarfrests
- Ef skyndistyrkir yrðu teknir upp aftur þarf verklag í kringum þá að vera mjög skýrt, t.d. hvað hvað ákvörðunartökuvaldið varðar og hvað má styrkja og hvað ekki. T.d. væri hægt að setja reglu um það að einungis sé hægt að sækja um skyndistyrk fyrir ný verkefni og að sama verkefnið geti einungis fengið skyndistyrk einu sinni. Að lokum mætti setja reglu um hámarksupphæð skyndistyrkja.



3. Verkefni í þróun

Tilraunir, grasrót, þróun stærri samstarfsverkefna, þróun alþjóðlegra verkefna

Í samráðinu kom eftirfarandi fram:

- Það er óskýrt hjá Reykjavíkurborg hvort mögulegt sé að sækja um fyrir verkefni sem enda ekki á sýningu eða listrænni lokaafurð.



3. Verkefni í þróun

Tilraunir, grasrót, þróun stærri samstarfsverkefna, þróun alþjóðlegra verkefna

Umræðan í hópnum:

- Í reglum um sjóðinn er það ekki skýrt hvað sjóðurinn styrkir og hvað ekki. Sjóðurinn hefur hins vegar þróast í þá átt af verða afgerandi verkefnaíðaður og því sækja ekki aðrir, eða a.m.k. mun færri, um sem eru í óeiginlegra starfi. Þetta veldur því að listgreinar eins og ritlistin og kvikmyndagerðin skora lágt í þessum sjóði.
- Stóra spurningin er sú hvort fara þurfi í samtal um hvers konar verkefni þessi sjóður styrkir og setja það síðan fram með skýrum hætti í reglum sjóðsins eða hvort það henti þessum sjóði betur að vera svona opinn? Í þessu samhengi mætti skoða hvort sjóðurinn vilji styðja verkefni sem eru ekki komin með eða verða með fullmótaða afurð.



4. Verkefni í upphafi árs

Í samráði kom eftirfarandi fram:

- Erfitt að vera með sjálfstæð listræn verkefni snemma á árinu (jan/feb) þar sem svör úr styrkjum koma í des/jan. Því þyrfti að vera hægt að sækja um ári fyrr eða veita svör fyrr.
- Umsóknarfrestur (1. okt) miðast nú við að auglýst er eftir að fjárhagsrammi hefur verið settur.
- Ef borgin vill styðja við sjálfstæð verkefni í upphafi árs, þarf að leysa þennan vanda.
- Möguleg lausn væri að hafa umsóknarfrest fyrr, t.d. 1. sept. eða láta úthlutunartímabil ná frá jan. til mars ári síðar – erfitt samkv. fjármálastjóra því fjárhagsrammi miðast við almanaksár.



4. Verkefni í upphafi árs

Umræðan hópnunum:

- Hér eru tvær leiðir augljósar:
 1. Tveir umsóknarfrestir á ári. Ókosturinn er sá að það verður umtalsverð vinna að úthluta tvisvar á ári ef allir mega sækja um aftur. Betra væri að hafa mjög skýran ramma um tímabil verkefnanna. T.d: Verkefni sem fara fram jan - júní á ári hverju sækja þá um að hausti árið áður og verkefni sem fara fram seinni hluta árs sækja þá um snemma að vori.
 2. Lengja úthlutunartímabilið og búa þannig til meiri sveigjanleika og fyrirsjáanleika. Þá væri t.d. hægt að sækja um fyrir verkefni sem koma ekki til framkvæmdar fyrr en á öðru ári - vinnan og undirbúningur geta verið lengri, hægt að sækja um fyrir forvinnu og gera grein fyrir ferlinu sem kann að ljúka mun seinna. Þetta gæti verið skynsamlegri leið en að fjölga umsóknarfrestum en spurningin er hvort þetta sé mögulegt af praktískum ástæðum.



5. Jaðarhópar, ungmenni og nýir listamenn

Í samráðinu kom eftir farandi fram:

- Þessir hópar telja sig ekki eiga eins auðvelt með að fá styrki.
- Það eflir umsóknir í dag ef aðilar sem eru þekktir eru á þeim sem gerir það erfiðara fyrir þau sem eru ekki með öflugt tengslanet og eru að koma ný inn á listasviðið að fá styrki.



5. Jaðarhópar, ungmenni og nýir listamenn

Umræðan í hópnum:

- Flókin umræða sem þarf að kafa dýpra í. Hér þyrfti að fara í greiningarvinnu til að vita hver raunveruleg staðan er – þ.e. hvaða hópar eru ekki að ná í gegn í þessum sjóði. Hér þarf líka að hafa í huga að jaðarsettir einstaklingar og t.d. fólk af erlendum uppruna geta verið og eru oft þátttakendur í verkefnum þótt það fronti þau ekki, sérstaklega í dansi og tónlist.
- Ungmenni og nýtt listafólk: Þetta er fagsjóður og fagfólk er að útskrifast 25-8 ára. Sá hópur er nokkuð vel upplýstur um hvert á að snúa sér. Áhugavert væri að skoða nánar hlutfall ungs fólks af umsækjendum - en er vilji til að hampa þeim sérstaklega á forsendum ungs aldurs? Aldur kemur fram í kennitölu umsækjanda eða tengiliðs fyrirtækis en að öðru leyti er faghópurinn ekki að velta aldri umsækjenda sérstaklega fyrir sér.
- Jaðarhópar: Skoða mætti betur hvort og þá hvaða jaðarhópar eiga undir högg að sækja í þessum sjóði. Er það kynsegin fólk, fólk af erlendum uppruna, fólk með fötlun, aðrir?
- Vænleg lausn hér er að vinna með verklagsreglur BÍL og skipan í faghópinn. Huga þarf að fjölbreytileika þess hóps og eins þarf hann að fá skýrar leiðbeiningar fyrir sína vinnu.. Við fáum líka fleiri umsóknir með aukinni þátttöku fólks sem er utan við hringinn. Hér þyrfti líka að hafa í huga að umsóknum er skilað á íslensku sem gerir þeim sem eru ekki íslenskumælandi erfitt um vik. Spurning hvort það væri möguleiki hjá ÞON að umsóknin verði þýdd með tæknilausn á pólsku og ensku?
- Það er augljóst að margir umsækjendur myndu njóta góðs af aðstoð við vinnslu og framsetningu upplýsinga. Spurning hvort borgin eigi/megi/geti boðið slíka aðstoð eða hvort það sé ekki viðeigandi? Þjónustuver RVK- sem nú er boðið fram til aðstoðar - getur aðstoðað við tæknileg atriði en hefur ekki hugmynd um verkefnið að öðru leyti.
- Sjóður sem þessi getur verið öflugt félagslegt jöfnunarverkfæri í menningu. Skoða mætti samstarf við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um hvernig mætti fjölga umsóknum frá fólki af erlendum uppruna og ýmsum jaðarsettum hópum samfélagsins. Gera þarf átak í að miðla sjóðnum og umsóknarfrestum til þeirra hópa sem hér hafa verið nefndir.



6. Skapandi framleiðendur

Eftirfarandi kom fram í samráðinu:

- Það vantar að viðurkenna skapandi framleiðendur sem starfsstétt. Það er fólkið sem gerir áætlanir, sækir jafnvel um styrkina, heldur utan um fjármál og er oft hluti af þróun verkefna.
- Þessi milliliður er útilokaður í dag nema í umsóknum kvikmyndasjóðs og þarf að fela sig í umsóknum.
- Það styður við faglegt umhverfi lista að styðja við þessa starfsstétt.



6. Skapandi framleiðendur

Umræða hópsins:

- Fram að þessu hafa kjarnaverkefni verið þau sem eru spröttin af frumkvæði listamanna. Í seinni tíð eru kannski framleiðslufyrirtæki og skapandi framleiðendur orðnir sýnilegri en listafólk er eftir sem áður haft í forgrunni. Ekki það að það geti ekki verið fleiri menningarverkefni en það sem listamenn eiga frumkvæði að. En það er kannski eðli málsins fyrst litið til þess þegar fjármagn til úthlutunar er takmarkað. Það er þó alltaf skýr lína á milli þess sem er non-profit og þess sem er viðskiptahugmynd.
- Hér væri áhugavert að greina umsóknir sem hafa fengið styrki nokkur ár aftur í tímann til að skoða raunverulegan hlut skapandi framleiðenda og hvort þörf sé á að skilgreina aðkomu þeirra að umsóknum betur.



7. Annað áhugavert sem hefur verið rætt

Eftirfarandi kom fram í samráði:

- Langflestir sjóðir eru með skilmála um að í tekjuáætlun sé styrkur sjóðsins aldrei meira en sem nemur 50% af heildafjármögnun verkefna. Þá geta verkefni tiltekið eigin fjármögnun sem hluta af tekjum í formi t.d. aðstöðu eða vinnu, en er líka gert að nefna aðra sjóði sem sótt er í eða fengist hefur styrkur frá. Hjá borginni núna er ekkert slíkt ákvæði, en umsækjendur eru spurðir hvort sótt sé um annarsstaðar.
- Það væri til bóta ef umsókn um styrki á sviði menningarmála mætti lúta eigin lögmálum, en yrði ekki að vera nákvæmlega eins orðuð og umsóknir á öðrum sviðum, líkt og nú er. Best væri ef umsóknin gæti hjálpað umsækjendum að koma á framfæri þeim upplýsingum sem faghópurinn hefur mesta þörf fyrir. Það myndi auðvelda mjög úrvinnslu umsókna og auka gagnsæi við úthlutun. Í því samhengi má nefna að það er erfitt fyrir fólk sem ætlar að halda kammertónleika við kertaljós að gera grein fyrir tengingu við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
- Áður fyrr vann starfsmaður skrifstofu sviðsins ekki jafn náíð með hópnum og nú er orðið. Hópurinn velur sér formann sem fær 50% hærri greiðslu en aðrir í hópnum en hefur í raun ekki mikið veigameira hlutverk þar sem starfsmaður sviðsins vinnur mikið af vinnunni sem formaður gerði áður. Þessu til samræmis væri eðlilegra að lækka greiðslu til formanns hópsins.
- Faghópurinn núna velti mikið fyrir sér hvort þau ættu að styrkja verkefni á vegum aðila sem þegar fá styrk frá borginni. Þetta þarf að skoða vel og setja inn í reglur.



Niðurstaða og næstu skref

- Engin skýr niðurstaða eða leið þó hópnum hugnist ýmislegt betur en annað á þessum tímapunkti
- Þetta er vinna sem þarf að halda áfram með
- Gott væri að fá að borðinu lítinn rýnihóp á þessu stigi
- Vill MÍT taka virkari þátt í þessari vinnu með hópnum?
- Mikilvægt er að skilja að umsóknar- og úthlutunarferlið er hluti þess ferlis að búa til menningu og því er mikilvægt að vera í stöðugri endurskoðun og endurnýjun - annað er ávísun á kyrrstöðu. Þróun og mótun þessa ferlis er og ætti að vera verk í eilífðarvinnslu



Reykjavík